

**Tillaga** A 1986/UKK  
**Flytjandi** Þingmenn:  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## A 1986/UKK Landsdeildartillaga um Pisa-könnun

Fulltrúar landsdeildar Íslands í Norðurlandaráði leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að koma á fót ráðgjafarnefnd sérfræðinga á sviði menntamála til að leiðbeina menntamálaráðherrum Norðurlandanna um aðgerðir til að bæta námsárangur nemenda á Norðurlöndum. Sérstaka áherslu skal leggja á bættan les- og orðskilning nemenda.

### Bakgrunnur

Niðurstaða PISA-könnunarinnar sem unnin var árið 2022 og sem gefin var út í lok árs 2023 sýndi verri árangur nemenda í þátttökulöndunum samanborið við fyrri kannanir. Meðal annars kom fram að nemendur í öllum norrænu löndunum fengu umtalsvert færri stig í PISA 2022 en í fyrri mælingu.

Stærsti munurinn í stærðfræði var á Íslandi (36 stig) og í Noregi (33 stig) en lægstur var hann í Danmörku (20 stig). Þessi breyting er í öfuga átt miðað við hina jákvæðu þróun sem verið hafði í löndunum frá árinu 2012, fyrir utan í Finnlandi þar sem þróunin hefur almennt verið niður á við. Stærsti munurinn í lesskilningi var á Íslandi (38 stig) og í Finnlandi (30 stig) en lægstur var hann í Danmörku (12 stig). Í náttúruvísindum hafði árangur nemenda einnig versnað frá árinu 2018 á Íslandi (28 stig), í Noregi (12 stig) og í Finnlandi (11 stig).

Þessar niðurstöður eru sannanlega vonbrigði og nauðsynlegt er að bregðast við þeim með virkum hætti. Þess vegna er lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri ráðgjafarnefnd sérfræðinga til leiðbeina menntamálaráðherrum á Norðurlöndum í þeirri vinnu sem niðurstöður PISA 2022 kalla á. Í margmiðlunarumhverfi nútímans þar sem enska er ráðandi er sérlega mikilvægt að vera vakandi fyrir stöðunni á litlum málsvæðum. Ráðgjafarnefndin ætti því að leggja sérstaka áherslu á aðgerðir til að bæta les- og orðskilning þar sem þessir þættir hafa áhrif á allt nám og námsárangur.

Vænta má að öll norrænu löndin hafi þegar, eða muni bráðlega, grípa til aðgerða til að bæta árangur nemenda í komandi PISA-könnunum. Norrænu löndin hafa á vissan hátt



sameiginlega hagsmuni í þessu máli, sérstaklega hvað varðar stöðu norrænu tungumálanna gagnvart ensku á meðal barna og ungs fólks. Það varðar hag allra norrænu landanna að, samhliða því sem gripið er til landsbundinna aðgerða, hljóta ráðgöf um þetta málefni þannig að hægt sé að taka sameiginlega stefnu með hjálp alþjóðlegs samfélags innan menntunarfræða.

Reykjavík, 12. mars 2024

*Bryndís Haraldsdóttir*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson*  
*Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir*  
*Hanna Katrín Friðriksson*

*Oddný G. Harðardóttir*  
*Orri Páll Jóhannsson*  
*Teitur Björn Einarsson*